



Póst- og fjarskiptastofnun
b/t Friðriks Péturssonar
Suðurlandsbraut 4, 2.h.,
108 Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2018

Efni: Endurskoðun kostnaðargrundvallar og verðbreytingar á einkaréttarpósti

Með vísan til 6. mgr. 16. gr. laga nr. 19/2002 óskar Íslandspóstur hf. hér með eftir samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar fyrir hækkun verðs bréfa innan þyngdarflokksins 0-50 gr.

Íslandspóstur áformar að hækka verð eftirfarandi flokka, frá og með 1. júlí 2018, eða um leið og samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar liggur fyrir, sem hér segir:

Almenn bréf 0-50 gr.: hækkar úr 180 kr. í 195 kr.

Magnpóstur 0-50 gr.: hækkar úr 126 kr. í 136 kr.

Gert er ráð fyrir að tekjuauki Íslandspósts á árinu verði um 100 millj. kr. nái ofangreind hækkun fram að ganga.

Þann 1. febrúar sl. var gerð sú breyting á dreifingardögum bréfaþósts í þéttbýli að móttakendur fá nú til sín bréfaþóst annan hvern dag með þjónustustig D+3 og er þannig boðið upp á eitt þjónustustig innan alþjónustu í almennum bréfaþósti.

Áætluð áhrif breytinganna á gjöld voru metin til lækkunar um 392 millj. kr. og áhrif á tekjur til lækkunar um 235 millj. kr. eða um 157 millj. kr. í afkomubata á ársgrundvelli.

Við gerð áætlana fyrir árið 2018 var gert ráð fyrir því að hið nýja fyrirkomulag tæki gildi þann 1. febrúar 2018 þannig að á þeim degi væru komnar til framkvæmda helstu hagræðingaraðgerðir sem fyrirhugaðar voru vegna breytinganna. Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi breytingarnar lá hins vegar ekki fyrir fyrr en seinni hluta janúarmánaðar 2018 og því ekki ráðlegt að grípa t.d. til uppsagna starfsfólks fyrr en þá sem leiddi til þess að hluti þess hagræðis sem áætlað var kom seinna fram en gert hafði verið ráð fyrir. Langstærstur hluti þess hagræðis sem gert er ráð fyrir felst í launakostnaði við vinnslu og dreifingu bréfa.

Nú í júnímánuði er komin nokkur reynsla á hið nýja fyrirkomulag og ljóst að stærsti hluti þeirra hagræðingaraðgerða sem fyrirhugaðar voru hafa gengið eftir eða munu komast í

framkvæmd innan skamms. Stjórnendur Íslandspósts eru því nokkuð bjartsýnir á að hið nýja fyrirkomulag muni leiða til þeirrar hagræðingar sem að var stefnt. Það er því ljóst að nauðsynleg hækkun bréfa innan einkaréttar er töluvert lægri á árinu 2018 en hefði orðið hefðu umræddar breytingar ekki komist í framkvæmd og skila sér þannig til notenda þeirrar þjónustu sem um ræðir.

Skoðun á afsláttarfyrirkomulagi gefur ekki tilefni til breytinga að svo stöddu að undanskyldu máli vegna svokallaðra viðbótarafslátta sem er til meðferðar hjá úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála og er beðið eftir niðurstöðu varðandi það.

Varðandi magn einkaréttar þá hefur það minnkað töluvert meira það sem af er árinu en gert var ráð fyrir. Fyrsta mat Íslandspósts á því er að það sé ekki endilega tengt breytingu á þjónustustigi í D+3 heldur miklu frekar að bréfaþóstur sem hvort sem er hefði farið yfir í rafænt form sé að gera það fyrr en gert hafði verið ráð fyrir. Gert var ráð fyrir að magnminnkun ársins yrði um 7% en raunin er að hún er um 12% fyrir tímabilið janúar til maí 2018. Vonir standa til að heildarmagnminnkun ársins 2018 verði ekki alveg svo mikil og er fyrirhugað að vinna nýja spá þar um eftir mitt ár. Hins vegar er ekki óvarlegt að áætlað að magnminnkun verði meiri en áður hefur verið gert ráð fyrir eða á bilinu 10-12% fyrir allt árið 2018.

Í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 2/2018 kemur fram að við endurskoðun á gildandi verðskrá innan einkaréttar telji Póst- og fjarskiptastofnun rétt að horfa til eftirfarandi atriða:

- a. Afkomu einkaréttar á árinu 2017 samkvæmt bókhaldslegum aðskilnaði, LRAIC líkani.

Vísað er til kostnaðarbókhalds fyrir árið 2017 sem afhent hefur verið Póst- og fjarskiptastofnun.

- b. Sparnaðar vegna niðurlagningar A-pósts 1. febrúar 2018.

Vísað er til umfjöllunar hér að framan um reynsluna af hinu nýja fyrirkomulagi.

- c. Áætlunar ársins 2018 (sem byggir á LRAIC líkani) þar sem m.a. sé tekið tillit til áætlaðrar magnminnkunar og kostnaðarbreytinga.

Meðfylgjandi á fylgiskjali nr. 1 er að finna sérgreindan rekstrarreikning fyrir uppfærða rekstraráætlun ársins 2018 sem unnin er á grundvelli LRAIC líkansins.

Með bréfi dagsettu þann 6. janúar 2015 setti Póst- og fjarskiptastofnun fram þau atriði og upplýsingar sem talið er að þurfi að liggja fyrir svo tækt sé fyrir stofnunina að samþykkja erindi Íslandspósts um breytingar á verðskrá innan einkaréttar. Hér á eftir er fjallað um þessi atriði og vísað í gögn erindinu til stuðnings ef við á:

1. Ársreikningur sl. árs (samstæða).

Vísað er til ársreiknings Íslandspósts fyrir árið 2017 sem fyrirliggjandi er hjá Póst- og fjarskiptastofnun og á heimasíðu Íslandspósts, *postur.is*.

2. Kostnaðarbókhald (afkomulíkan) sl. árs.

Vísað er til kostnaðarbókhalds fyrir árið 2017 sem afhent hefur verið Póst- og fjarskiptastofnun.

3. Nýjasta árshlutauppgjör (samstæða)

Meðfylgjandi er nýjasti fyrirliggjandi árshlutareikningur félagsins sem er fyrir tímabilið janúar til mars 2018, merkt fylgiskjal 2.

4. Útkomuspá ársins (samstæða).

Sjá fylgiskjal 1.

5. Umfjöllun um helstu breytingar frá síðasta erindi um verðbreytingar.

Sjá umfjöllun hér að framan.

6. Sérgreindur rekstrarreikningur fyrir árið 2017, sbr. tl. 8.1 í ákv. 18/2013, hefur verið afhentur Póst- og fjarskiptastofnun.

7. Unnið er að sérgreindum rekstrarreikningi fyrir rekstraráætlun ársins 2018, sbr. tl. 8.1 í ákv. 18/2013 er að finna á fylgiskjali 1.

8. Yfirlit yfir afkomu einstakra þjónustuflokka fyrir árið 2017, sbr. tl. 8.3 í ákv. 18/2013 hefur verið afhent Póst- og fjarskiptastofnun.

9. Yfirliti yfir afkomu einstakra þjónustuflokka fyrir útkomuspá ársins 2018, sbr. tl. 8.3 í ákv. 18/2013.

Sjá fylgiskjal 1.

10. Yfirlit yfir magn og tekjur einkaréttar fyrir tímabilið janúar til maí 2018 er ári er að finna á fylgiskjali nr. 3.


11. Spá um magn- og tekjuþróun einkaréttar 2018.

Sjá umfjöllun hér að framan.

Íslandspóstur er reiðubúinn að veita frekri upplýsingar sem unnt er varðandi efni ofangreinds erindis og áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum og upplýsingum ef

þörf er talin á. Óskað er eftir því að með allar tölulegar upplýsingar og fylgiskjöl verði farið með sem trúnaðarmál.

Virðingarfyllst,



Helga Sigríður Böövarsdóttir,
framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Hjálagt:

1. Fylgiskjal 1: Sundurgreind rekstraráætlun ársins 2018
2. Fylgiskjal 2: Árshlutareikningur janúar til mars 2018
3. Fylgiskjal 3: Tekjur og magn innan einkaréttar janúar til maí 2018